

Fundargerð 464. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2024, fimmtudaginn 15. ágúst kl. 11:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Pétur Ólafsson, Hanna Björg Konráðsdóttir, Arnfríður Eide Hafþórsdóttir, Elliði Vignisson, Dóra Björk Gunnarsdóttir og Björn Arnaldsson.

Að auki sátu fundinn Valur Rafn Halldórsson og Gréta Mar Jósepsdóttir sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 463. fundar - 2401001HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 463. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 7. maí 2024 sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

Gunnar Tryggvason kom inn á fundinn kl. 11:37.

2. Dagskrá hafnasambandsþings - 2210002HA

Lögð fram drög að dagskrá hafnasambandsþings sem haldið verður á Akureyri 24.-25. október 2024.

Formanni og starfsfólki falið að vinna málið áfram.

3. Breytingar á hafnalögum - 2403001HA

Rætt um breytingar á hafnalögum sem samþykktar voru í sumar. Þar ber helst að nefna eldisgjald sem kemur nýtt inn í lögin en þó á eftir að útfæra. Einnig voru þar gerðar breytingar á mörkun hafnarsvæða á sjó og skulu þær breytingar liggja fyrir eigi síðar en í lok árs 2025. Var innviðaráðuneytinu falið að gera tillögu að útfærslum að slíkum breytingum en tryggt er að gjaldheimild sé fyrir hafnir á öllum tilgreindum hafnarsvæðum sem eru sannarlega þjónustusvæði hafna þar með talið viðlegusvæðum farþegaskipa.

4. Siglingaráð - 2009019HA

Rætt um stöðu siglingaráðs en siglingaráð hefur ekki fundað síðan 8. febrúar 2024.

Stjórn Hafnasambands Íslands skorar á innviðaráðherra að tilnefna sem fyrst formann í Siglingaráð svo hægt sé að hefja starf ráðsins sem fyrst enda er starf þess mikilvægt fyrir hafnir landsins.

Ítrekar stjórn jafnframt óskir um að hafist verði þegar við vinnu við öryggisúttekt sbr. fyrri erindi til ráðuneytisins og bókanir Siglingaráðs.

5. **Samráðsnefnd Fiskistofu og hafnasambandsins - 2009020HA**

Rætt um stöðu tilraunaverkefnis um fjarvigtun en Fiskistofa er að vinna verklagsreglur fyrir verkefnið.

6. **Aðgangur Fiskistofu að eftirlitsmyndavélum hafna - 2306001HA**

Rætt um aðgang Fiskistofu að myndbandsgögnum úr kerfum hafnasjóða og þess kostnaðar sem fellur til vegna slíkra beiðna.

Stjórn samþykkir að fela óháðum aðila að vinna úttekt á málinu og kynna á Hafnasambandsþingi á Akureyri í október.

Fundi var slitið kl. 12:15